

Minnisblað – Breytingar á viðskiptakjörum

Viðskiptavinur | Hafnarfjarðarkaupstaður – kt. 590169-7579

Dagsetning | 15. desember 2014

Viðskiptakjör

Hér að neðan er verðskrá Motus, kostnaður Hafnarfjarðarkaupstaðar í dag og breytingar á gjöldum sveitarfélagsins við nýjan samning.

Gjaldaliðir	Verðskrá Motus	Hafnarfjarðark. í dag	Breyting á verðskrá
Árgjald Motus	39.900 kr.	0 kr.	0 kr.
Innheimtuviðvörðun (útsending/niðurfelling)	345 kr.	0 kr.	0 kr.
Skráningargjald kröfu (milliinnheimta)	410 kr. pr. kröfu	0 kr.	0 kr.
Kröfuvakt, afskrifaðar kröfur	50%	50%	30-50% eftir aldri
Greiðsluhraðayfirlit	150.000 kr. (12 mán)	0 kr.	0 kr.
Lögfræðiinnheimta	Þóknun + útlagður kostn.	Útlagður kostnaður	0 kr.

Kröfuvakt

Kröfuvakt Motus vinnur með þær kröfur Hafnarfjarðarkaupstaðar þar sem ekki hefur náðst árangur á fyrri innheimtustigum og Hafnarfjarðarkaupstaður hefur afskrifað. Tekjur Motus af Kröfuvakt vegna ársins 2013 voru 11.206 kr.

Hafnarfjarðarkaupstaður ber engan kostnað af því að skrá eða hafa kröfur sínar í Kröfuvakt, en Motus fær í sinn hlut hlutdeild af innheimtum höfuðstól og vöxtum, auk kostnaðar af innheimtunni.

Hlutdeild Motus tekur mið af aldri kröfu við greiðslu í Kröfuvakt í samræmi við neðangreinda töflu:

Fjöldi mánaða frá gjalddaga	Hlutdeild Motus
6 mánuðir og yngri	30%
6 – 12 mánuðir	35%
12 – 18 mánuðir	40%
+ 18 mánuðir	50%

Taki innheimtumál til fleiri en eins reiknings, skal við útreikning ofangreindra gjalda miða við elsta gjalddaga.

Lögfræðiinnheimta

Reynist innheimtutilraunir árangurslausar ber Hafnarfjarðarkaupstaður engan kostnað, nema í þeim tilvikum þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður óski eftir innheimtuaðgerðum sem innheimtuaðili mælir ekki með, eða innheimtan reynist árangurslaus vegna atvika sem Hafnarfjarðarkaupstaður ber ábyrgð á.

Innheimtuaðili getur í sérstökum tilfellum áskilið sér greiðslu þóknunar, hafi óvenjuleg eða sérstök vinna verið lögð í innheimtuaðgerðir, enda hafi verið haft samráð við Hafnarfjarðarkaupstaður um þær aðgerðir.

Kostnaður greiðanda í frum- og milliinnheimtu

Samkvæmt reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar er innheimtuaðila heimilt að leggja á kostnað við innheimtu kröfu. Lögbundið er að senda út innheimtuviðvörðun til greiðanda fyrir innheimtu.

Núverandi verðskrá Hafnarfjarðarkaupstaðar – (fasteignagjöld 2 bréf)

Höfuðstóll	Innheimtuviðvörðun	1. bréf milliinnh.	2. bréf milliinnh.	3. bréf milliinnh.
0-999	400 kr.	438 kr.	800 kr.	800 kr.
1.000-2.099	400 kr.	438 kr.	800 kr.	800 kr.
3.000-14.999	600 kr.	985 kr.	1.800 kr.	1.800 kr.
15.000-34.999	800 kr.	1.971 kr.	2.900kr.	2.900 kr.
35.000-84.999	800 kr.	3.175 kr.	3.700 kr.	3.700 kr.
85.000 +	950 kr.	4.270 kr.	5.200 kr.	5.900 kr.

Neðangreind tafla er tillaga Motus að breytingum á gjaldskrá greiðenda Hafnarfjarðarbæjar.

Ný verðskrá greiðanda Hafnarfjarðarbæjar (fasteignagjöld 2 bréf)

Höfuðstóll	Innheimtuviðvörðun	1. bréf milliinnh.	2. bréf milliinnh.	3. bréf milliinnh.
0- 999	400 kr.	400 kr.	550 kr.	550 kr.
1.000 – 2.999	400 kr.	400 kr.	650 kr.	650 kr.
3.000-5.999	600 kr.	900 kr.	1.500 kr.	1.500 kr.
6.000-14.999	600 kr.	950 kr.	1.600 kr.	1.600 kr.
15.000-34.999	800 kr.	1.950 kr.	2.600 kr.	2.600 kr.
35.000-84.999	800 kr.	3.100 kr.	3.350 kr.	3.350 kr.
85.000 +	950 kr.	4.200 kr.	4.750 kr.	4.750 kr.

Í innheimtu fasteignagjalda er innheimtuferli með þeim hætti að í milliinnheimtu eru send tvö innheimtubríf á vegna hvers gjalddaga auk lögbundinnar innheimtuviðvörðunar.

Breyting á verðskrá greiðanda Hafnarfjarðarbæjar í prósentum

Höfuðstóll	Innheimtuviðvörðun	1. bréf milliinnh.	2. bréf milliinnh.	3. bréf milliinnh.
0- 999	0%	-9%	-31%	-31%
1.000 – 2.999	0%	-9%	-19%	-19%
3.000-5.999	0%	-9%	-17%	-17%
6.000-14.999	0%	-4%	-11%	-11%
15.000-34.999	0%	-1%	-10%	-10%
35.000-84.999	0%	-2%	-9%	-9%
85.000 +	0%	-2%	-9%	-9%

Símhringing til greiðanda

Í verkferli því sem aðilar vinna eftir er hringt í greiðendur og er gjaldtaka vegna úthringingar 550 kr. sem leggst á greiðendur.

Við úthringingu á öðrum gjöldum en fasteignagjöldum er hverju innheimtumáli fylgt eftir með hringingu. Við úthringingar við innheimtu fasteignagjalda er hringt tvisvar yfir álagningartímabilið. Þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður er með 10 gjalddaga við innheimtu fasteignagjalda, þá mun kostnaður greiðanda vegna hringinga vera að hámarki 1.100 kr. í stað 5.500 kr. ef hringt væri vegna hvers staks gjalddaga.

Samkomulag við greiðanda

Í verkferli því sem aðilar munu vinna eftir er gert ráð fyrir að Motus muni sjá um og halda utan um samkomulög sem gera þarf við greiðendur. Gjaldtaka vegna gerð og utanumhalds samkomulags, sem eru í umsjón Motus, er 2.700 kr. og leggst gjaldið á greiðendur. Gjaldtaka er í samræmi við reglugerð nr. 37/2009.

Motus Hafnarfirði

Motus hefur opnað skrifstofu í Hafnarfirði þar sem greiðendum Hafnarfjarðarbæjar gefst kostur á að koma og ganga frá sínum málum. Öll almenn afgreiðsla greiðenda fer fram á skrifstofunni.